

Búðir

Þorleifur Jóhannesson skráði.

Bærinn stendur norðan undir Kirkjufelli. Áður voru þetta tvær jarðir, Búðir og Hnausar, og þar voru og tvær þurrabúðir, **Bárðarbúð** (1) og **Hlein** (2). Íbúðarhúsið er nú þar sem Hlein stóð. Bárðarbúð stóð nokkrum spöl vestar á bakkanum, þar er nú fjárhús. En Búðir stóðu upp undan fellshlíðinni beint upp af Bárðarbúð. Hefur bærinn staðið á allstórum hól, eru þar tóftir bæjarins og eru kallaðar **Búðatóftir** (3). **Hnausar** (4) voru vestanhallt við stóra hæð, sem heita **Hnausar** (5), verður allbreið laut milli hæðarinnar og fellsins. Bæjartóftum Hnausa er búið að breyta í kálgarð, en túnið er í rækt og slegið á hverju sumri. Hnausarnir eru í suðaustur frá íbúðarhúsinu. Nú eru býli þessi sameinuð í eina jörð og nefnd Búðir. Fyrir sunnan íbúðarhúsið, sem stendur á sjávarbakkanum, gengur skora inn í klettana, er hún kölluð **Gjáin** (6), í botn hennar fellur smálækur. Tanginn fyrir sunnan Gjana heitir **Hlöðutangi** (7), stendur hlaða á honum. Fyrir sunnan tangann gengur inn vík, sem **Karlsvík** (8) heitir, fyrir botni hennar er stórgerð mól, en á báða vegu við hana eru klettur. Vík þessi er aðallendingin. Austnorður frá Bárðarbúð, eða byrginu, sem nú er, hverfur inn vík, sem heitir **Franskavík** (9), hún er austan við langan grjóttanga, sem heitir **Búðatangi** (10). Fyrir norðan og neðan þar sem Hnausabærinn stóð er laut, sem heitir **Vopnalág** (11). Í lægðinni á milli Hnausanna og fellshlíðarinnar, syðst við Hnausabarðið, er tjörn, sem heitir **Hnausatjörn** (12). Fyrir sunnan Hnausana er kallaður **Þrætublettur** (13) – er hann á landamerkjum milli Búða og Kirkjufells.

Suður og upp frá Hnausum er klettbarð, sem heitir **Katlar** (14). Vestur frá því er brött hlíð vestur eftir, upp undir klettana. Neðsta klettagirðingin heitir **Langigirðingur** (15). Niður hann gengur gjá, sem heitir **Hrafnshola** (16). Úr henni hrapar stundum fé. Norðarlega upp af Langagirðing er **Hvanngirðingur** (17) – í honum er stórvaxin hvönn. Upp af honum er lítill klettastallur, sem heitir **Fíugirðingur** (18). Upp af þessum

girðingum eru grasgeirar, sem heita **Flettur** (19). eru þær þrjár. Suður úr mið-Flettunni er stallur, sem heitir **Ellisnös** (20). Upp af Flettunum er berg, sem **Mávaberg** (21) heitir, nær það upp að fellstoppnum. Um mitt Mávabergið er brekka eða girðing sem gengur að mestu óslitin umhverfis fellið. Brekka þessi er kölluð **Rífur** (22).

Vestur við fellsröndina, vestur frá Mávabergi, en upp undir fellstoppnum er grastó, sem heitir **Hafurstó** (23). Austan við Mávaberg er önnur tó, sem **Kirkjufellstó** (24) heitir. Fyrir neðan hlíðina tekur við mýrlendi. Fyrir vestan eða öllu heldur suðvestan túnin er engi, sem **Búðaengi** (25) heitir, nær það ofan að sjó (Hálsvaðli). Við vaðalinn, niður af Búðaengi, eru klettur við sjóinn, hjá þeim er bátabyrgi; byrgið og klettarnir er kallað **Þorkelshjallur** (26). Er þá komið á merki milli Búða og Háls.

Stafrófsskrá örnefna

Bárðarbúð 1
Búðaengi 25
Búðatangi 10
Búðatóftir 3
Ellisnös 20
Fúgírðingur 18
Flettur 19
Franskavík 9
Gjái 6
Hafurstó 23
Hlein 2
Hlöðutangi 7
Hnausar 4
Hnausar 5
Hnausatjörn 12
Hrafnshola 16
Hvanngirðingur 17
Karlsvík 8
Katlar 14
Kirkjufellstó 24
Langigirðingur 15
Mávaberg 21
Rífur 22
Vopnalág 11
Þorkelshjallur 26
Þrætublettur 13